

Nd.

263. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá minni hluta strandferðanefndarinnar.

1. Að Alþingi gefi Thoresfjelinu upp samning sinn með þeim skilyrðum:
 - a) að fjelagið fari nokkrar ferðir eftir ákvörðun stjórnarráðsins milli Lübeck og Kaupmannahafnar á millilandaskipum sínum,

- b) að fjelagið annaðhvort leigi landssjóði skipin Austra og Vestra næsta ár með því verði, er landsstjórnin telur aðgengilegt, eða selji landssjóði skipin þannig, að landssjóður gangi inn í kaup fjelagsins á þeim með þeim skilyrðum um afborganir o. s. frv., sem fjelagið nýtur nú sjálf.
- 2. Að landssjóður leigi eða kaupi skipin Austra og Vestra, og haldi þeim út á landssjóðs kostnað, og sje landstjórninni heimilt að nota til þess þá fjárupphæð, sem nauðsynleg er, og fá þá upphæð að nokkru eða öllu að láni, ef á þarf að halda.